

Ingvar Hjálmarsson lagði fram svohljóðandi bókun:

Ég leggst alfarið gegn þeim hugmyndum umhverfisráðherra sem boðaðar eru í frumvarpi um Hálandisþjóðgarð. Það land sem um ræðir er allt innan Þjóðlendu svo hér er um algjöran óþarfa að ræða, einungis sýndarmennsku. Sem sveitarstjórnarmaður á ég erfitt með að setta mig við að sú skipulagsskylda sem hvílir hjá sveitarfélögunum verði skert til mikilla muna. Að það skuli vera forgangsmál umhverfisráðherra og ríkisstjórnar Íslands að ráðast með þessum hætti á hálandi Íslands og okkur íbúa þessa lands afar ósmekklegt. Vegasamgöngur, heilbrigðismál og raforku öryggi landsmanna hlýtur að eiga að vera í forgangi frekar en eitthvert gæluverk efni fárra aðila sem ætla með valdnýðslu að skerða aðgengi fólks að hálandi Íslands. Ég fæ ekki annað séð en að ef þetta frumvarp Umhverfisráðherra verði samþykkt á Alþingi okkar Íslendinga, verði hér innan fárra ára á miðhálandi Íslands ein stærsta eyðmörk í Evrópu. Því með þessari framkomu verður nú ekki auðvelt fyrir ríkisvaldið að fá fólk í sjálfboðavinnu á hálandinu. Á því hefur það byggst og mun gera áfram.